

SAMORKA
Samtök orku- og veitufyrirtækja

Alþingi
Erindi nr. P 136/759
komudagur 19.1.2009

Nefndasvið Alþingis
b.t. umhverfisnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

16. janúar 2009


Efni: Umsögn um frumvarp til laga um fráveitur, 187. mál.

Samkvæmt frumvarpinu er hlutverk sveitarfélaga afmarkað hvað varðar fráveitur og fráveituframkvæmdir. Til að ná markmiðum laganna í uppbyggingu og starfrækslu fráveitna, þannig að frárænsli valdi sem minnstum óæskilegum áhrifum á umhverfið og jafnframt til að ná hagkvæmni í rekstri þeirra, er kveðið á um, annars vegar, skyldur og hins vegar, heimildir sveitarfélaga.

Verulegar breytingar urðu á íslensku lagaumhverfi þegar Ísland gerðist aðili að Evrópska efnahagssvæðinu. Í byrjun árs 1993 var tilskipun 91/271/EBE, um hreinsun skólps frá þéttbyli, innleidd hér á landi og er hún enn í gildi. Með frumvarpinu er m.a. leitast við að uppfylla ýmis markmið tilskipunarinnar.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að sá hluti fráveituheimæðar sem liggur í landi sveitarfélagsins (götukassanum) verði eign fráveitu sveitarfélags og þær heimæðar sem lagðar voru fyrir væntanlegri gildistöku laganna verði það í framhaldi af endurnýjun þeirra, sem fráveitan kostar. Jafnframt geti fasteignareigandi sent skriflega beiðni um yfirtöku fráveitu á þessum hluta heimæðar hans þó ekki sé komið að endurnýjun. Heimæðarhlutinn sem liggur í landi sveitarfélagsins er sérstaklega skilgreindur í frumvarpinu sem **tenging**. Það er fasteignareigendum mjög til hagsbóta að losna við kostnað og ábyrgð sem því fylgir að eiga lagnir í landi sveitarfélagsins. Það má færa fyrir því rök að það sé til hagsbóta fyrir fráveitur sveitarfélaga að fá yfirráð yfir þessum lögnum, það auðveldar skipulag og áætlanir um endurnýjun lagnakerfa og hagkvæmni stærðarinnar ætti að leiða til lágmarkskostnaðar við slíkar framkvæmdir. T.d. þarf ekki að skilja þennan hluta lagna eftir, vegna þess að fasteignareigandi, eigandi lagnahlutans, er ekki tilbúinn í að endurnýja lögnina á sama tíma og sveitarfélagið endurnýjar safnkerfið. – Sá hluti fráveituheimæðar sem liggur innan lóðar fasteignareiganda verður áfram í eigu hans. Þessi hluti er í frumvarpinu skilgreindur sem **heimæð**. Fráveituheimæðar skilja sig frá heimlögnum annarra dreifimiðla að því leyti að ekki er alltaf um eitt inntak (eða úrtak) í mannvirknið að ræða heldur geta þau verið mörg og er þeim þá safnað saman fyrir utan mannvirknið, en þó innan lóðar þess, og leidd í brunn eða brunna. Því má segja að þessi hluti fráveitukerfis, sem í frumvarpinu er skilgreindur sem heimæð, sé í raun hluti af fráveitukerfi mannvirkisins og eðlilegt að hann sé áfram í eigu fasteignareigandans.

Í frumvarpinu eru skýrar heimildir til gjaldtöku. Annars vegar er um tengigjöld að ræða, sem skulu standa undir kostnaði við lögn tengingar og hlutdeildar í viðkomandi



SAMORKA
Samtök orku- og veitufyrirtækja

safnkerfi og hins vegar um fráveitugjald til að standa undir rekstrarkostnaði og uppbyggingu stofnæða og hreinsivirkja. Þá er heimilt að innheimta aukagjald á atvinnustarfssemi og skal það miðað við innrennsli kalda neysluvatnsins, þó að frádregnu því vatni sem fer í framleiðsu afurða sem ekki skila sér í fráveitukerfi viðkomandi mannvirkis. Þá er einnig gert ráð fyrir heimild til að innheimta sérstakt mengunargjald ef atvinnustarfssemi þarf tímabundið að losa mjög mengað skólþ, enda hafi það í för með sér kostnað fyrir fráveituna. Þá er gert ráð fyrir heimild til að "úthýsa" rekstur fráveitukerfa og jafnframt til að framselja einkarétt til stofnanna og félaga, þó með því skilyrði að sveitarfélög eigi meirihluta.

Í frumvarpinu eru lagðar skyldur á sveitarfélög að byggja upp og reka fráveitur, þ.e. tengingar, safnkerfi, stofnæðakerfi og hreinsivirki. Öll helstu hugtök fráveitukerfa eru ágætlega skilgreind í frumvarpinu og er sérstök ástæða til að benda á að rotþrær geta fallið undir skilgreingu hreinsivirkis sem og ýmsar aðrar tegundir hreinsivirkja. Tekið hefur verið mið af lögnum um vatnsveitur sveitarfélaga. Þau voru samþykkt á Alþingi 1991 og síðan gerðar breytingar á þeim 1995 og 2004. Nokkur reynsla er komin á þessi lög og hægt að fullyrða að þau hafi verið skref til framdráttar og hagsbóta. Þetta frumvarp svipar mjög til vatnsveitulaganna eins og þau eru eftir breytinguna 2004.

Samorka átti fulltrúa í nefndinni sem samdi fráveitufrumvarpið, Sigurð I Skarphéðinsson, deildarstjóra fráveituedeildar OR. Samorka þakkar fyrir aðgang að þessu starfi. Í stuttu máli þá hafa öll helstu áherslu atriði samtakanna í þessum efnun þegar ratað inn í frumvarpið. Það er því ekki ástæða til annars fyrir Samorku en að styðja frumvarpið eins og það er.

Að öðru leyti vísast í umsagnir aðildarfyrirtækja Samorku.

Virðingarfyllst,

Pétur Kristjánsson,
deildarstjóri vatns-, hita- og fráveituedeildar